

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Danmörku vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dönskum dýrasjúkdómayfirvöldum um upprætingu á „Newcastle Disease“, er framlengt bann landbúnaðarráðuneytisins sem sett var með auglýsingu nr. 777/2002, við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Danmörku.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Innflutningsbannið var tilkynnt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/34/EB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 20. janúar 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. desember 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.